

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera órask-
aður. Kærði Jóhann Vedholm gestgjafi greiði
allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin málfutningslaun til sækjanda og verj-
anda við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds
Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr.
til hvors.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að
lögum.

Nr. 49/1898:

Jón Valdason
gegn
Jóni Hjörleifssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi, hrepp-
stjóri Jón Hjörleifsson, gegn áfrýjandanum, fyrir
ærumeiðandi ummæli um sig í kærubréfi til sýslu-
mannsins í Rangárvallasýslu, dags. 2. maí 1896,
og var málið dæmt í aukarétti Rangárvallasýslu
25. aprílm. f. á. þannig, að hin átöldu meiðyrði
skyldu vera dauð og ómerk og áfrýjandinn sam-
kvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869
greiða 120 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu
fangelsi í 24 daga, ef sektin eigi væri greidd í á-
kveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða stefnda
í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-

dómsins með stefnu, dags. 20. okt. f. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar, og að undirdómarinn verði sektaður fyrir að hafa ekki haft hæf réttarvitni við réttarhöld í málinu, en *til vara*, að áfrýjandinn verði sýkn dæmdur fyrir öllum kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda er byggð á því, að dómarinn hafði fyrir réttarvott í réttarhaldi í því 18. marz f. á., sem og við dómsuppsögnina, föður sinn, og var það að visu ólöglegt af dómáranum og vítavert, því fremur sem hann lét réttarvottana láta uppi álit um málsatriði og byggði dóm sinn að nokkru á því álit; en þó þykir eftir atvikum þessi aðferð dómara eigi þurfa að valda ómerking málsins, og verður því ekki krafa þessi tekin til greina.

Ummæli þau í fyrgreindu kærubréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 2. maí 1896, er átalín eru í máli þessu, eru, eftir því sem tekid er fram í stefnunni til héraðsdómsins, þessi: »að hann (stefndi) hafi skrifað sig (áfrýjanda) í 50 fiska skuld í sveitarbók Austur-Eyjafjallahrepps, en segist aldrei hafa fengið neitt sveitarlán«, »að hann (áfrýjandi) er ekki sá eini, sem hann

(stefndi) hefir skrifað í skuld í sveitarbókina ranglega, því hann hafi skrifað Einar Einarsson á Bjólu í 300 fiska skuld«, »að hann (stefndi) leggi gjöld á suma, sem ekki eigi að gjalda«, »að hann (stefndi) haldi eigi fundi, sem hann eigi að halda«.

Hvað kæruatriði þessi snertir, þá er í 1. og 2. kæruatriðinu eigi fólgin nein ærumeiðandi aðdróttun, þar sem því eigi er sveigt að stefnda með hinum tilvitnuðu orðum, að hann hafi af ásettu ráði skrifað þá áfrýjanda og Einar ranglega í skuld við hreppinn, og verður því áfrýjandi eigi látinn sæta neinni ábyrgð fyrir þessi ummæli; en þess skal auk þess getið um fyrra atriðið, að áfrýjandi verður að álítast hafa fært í málinu sönnur á, að ummælin séu rétt, með því að leiða 2 vitni, er báru hið sama, þó að dómariinn ólöglega neitaði að eiðfesta vitni þessi. Um 3. kæruatriðið er sama að segja, að þar er um ósaknæm ummæli að ræða, enda hefir áfrýjandi bent á 2 menn, er stefndi hafði lagt á gjöld, en ekki voru gjaldskyldir. Um 4. atriðið er það að segja, að áfrýjandi hefir eigi haft þau orð í fyrnefndu bréfi 2. maí 1896, er stefnt er um, heldur segir hann þar að eins, að hann (stefndi) láti *stundum* aðra halda fundi, er hann eigi að halda, en komi þar sjálfur eigi nærri, og verður áfrýjandinn því eigi dæmdur fyrir hin umstefndu ummæli, sem eigi eru hans orð. Ummæli þau, er nú hafa talin verið, geta þannig eigi álítist ærumeiðandi fyrir stefnda, en önnur ummæli í fyrgreindu kærubréfi

2. maí 1896 geta eigi komið til greina í þessu máli, þar sem eigi er um þau stefnt, og verður því að dæma áfrýjanda algjörlega sýknan af kær- um og kröfum stefnda í máli þessu. Eftir úrslit- um málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað 30 krónur.

Viðvikjandi málsmeðferðinni af hendi undir- dómarans er það aðfinningarvert, að dómarinn hefir, eins og áður hefir verið tekið fram, haft föður sinn sem annan réttarvott í réttarhaldi 18. marz f. á. og við dómsuppsögnina í málinu. En þó að dómari þessi hafi áður fengið bending um að haga vali sínu á réttarvottum lögum samkvæm- ar en hann gjörði, sbr. landsyfirréttardóm 31. ág. 1896, þá þykir ekki ástæða til að þessu sinni að láta hann sæta sektum fyrir þessa yfirsjón sína.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Jón Valdason á að vera sýkn fyrir kær- um og kröfum stefnda Jóns Hjör- leifssonar í máli þessu. Stefndi greiði áfrýj- andanum í málskostnað 30 krónur, er lúk- ist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.